

Mál nr. 19/2015
M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar útgerðar X.

Líkamstjón um borð í skipi 21. júní 2012.

Gögn.

1. Málskot móttækið 16. janúar 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 25. febrúar 2015.

Málsatvik.

M var við vinnu fyrir fyrirtæki sitt um borð í skipi X þann 21. júní 2012. Nánar tiltekið var M, skv. tjónstilkynningu hans sjálfs dags. 15. ágúst 2012, að setja upp tölvuskjái og rafmagnskassa þegar hann rann af upphækkuðum palli við svokallaðan hausara og festi fótinn, með þeim afleiðingum að hann hlaut áverka á hásin.

M telur slys sitt rakið til ófullnægjandi vinnuaðstæðna um borð í skipinu og telur að X sem eigandi skipsins beri ábyrgð á slíkum aðstæðum. M bendir einnig á að X hafi vanrækt að tilkynna um slys M til viðeigandi yfirvalda og beri því hallann af sönnunarstöðu í málinu þannig að leggja verði frásögn M til grundvallar um aðstæður sem uppi voru. M telur að pallur sá sem hann stóð á hafi verið vanbúinn þannig að ekki hafi verið grind utan um pallinn til að varna því að fólk gæti dottið á milli palls og tækis. Einnig bendir M á að X hafi látið laga aðstæður eftir slys M.

V bendir á að skip X hafi verið bundið við bryggju í nokkra mánuði þegar slys M varð og hafi slysið orðið þegar verið var að vinna að endurbótum í skipinu og hafi aðstæður í því tekið mið af þeim. V telur að aðstæður hafi ekki verið ófullnægjandi heldur eins og við mátti búast þar sem framkvæmdir eiga sér stað. V telur að X hafi ekki haft upplýsingar um afleiðingar slyss M þannig að X hafi ekki borið skylda til að tilkynna um slysið til viðeigandi yfirvalda. M hafi verið starfsmaður eigin fyrirtækis en ekki starfsmaður X og hafi X því ekki haft upplýsingar um eðli meiðsla hans eða fjarveru frá vinnu eins og t.d. skilyrði 79. gr. laga nr. 46/1980 gera ráð fyrir og það hafi staðið fyrirtæki M nær að tilkynna um slysið til yfirvalda.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað séð en að framkvæmdir hafi átt sér stað um borð í skipi X, Örfirisey RE 4, þegar M kom þar að til vinnu. Slys M varð, skv. lýsingum hans sjálfs í tjónstilkynningu, þegar hann rann af vinnupalli og festist á milli hans og tækis sem þar var. Þó ekki hafi verið sérstök grind utan um pallinn, eins og síðar var sett upp, þegar M slasaðist verður ekki séð að slíkar ráðstafanir hafi verið nauðsynlegar á því stigi framkvæmda sem skipið var. Ekki verður heldur séð að það sé þannig ágreiningur um málsatvik að máli skipti við mat á sök X. Það stóð fyrirtæki M nær að tilkynna um slys hans í ljósi tengsla og upplýsinga um óvinnufærni. Verður ekki af ofansögðu sannað að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 17. mars 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.